

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra nr. 11/2002 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2003.

Á árinu 2003 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2002 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XLI í lögum nr. 75/1981. Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2003 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2002 til desember 2002. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2002 og skal vera 7% af tekjuskattsstofni umfram 3.980.000 kr. hjá einstaklingi og 7.960.000 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2002 vegna tekna á árinu 2001. Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða ef hann getur sýnt fram á að veruleg tekjulækkun hefur orðið hjá honum milli árana 2001 og 2002. Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2003:

#### 1. gr.

Telji skattaðili að tekjur hans muni lækka verulega á árinu 2002 frá því sem var á árinu 2001 getur hann sent til skattstjóra rökstudda umsókn, studda nauðsynlegum gögnum, þar sem óskað er eftir lækkun á fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2003. Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2002.

#### 2. gr.

Skattstjóri taki umsókn til greina og lækki þegar ákveðna fyrirframgreiðslu ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærri en hún yrði miðað við rökstudda áætlun um tekjur ársins 2002.

#### 3. gr.

Innan 15 daga frá því að umsókn berst skal skattstjóri hafa úrskurðað umsókn. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

#### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæðis til bráðabirgða II í lögum nr. 149/2000 eins og því var breytt með 41. gr. laga nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, o.fl. lögum. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 13. júní 2002.*

**Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri.